



Gangnaseðill 2023

Hér gefur að líta gangnaseðil fyrir hinar þrjár fjallskiladeildir í Langanesbyggð.

- Þistilfjarðardeild
- Langanesdeild vestari
- Langanesdeild austari

Eins og fyrra ár er bændum að mestu gert að smala það landsvæði þar sem þeir helst eiga fjárvon á og leitast hefur verið við að jafna verkum niður á þá bæði eftir óskum en þó þannig að jafnræðis sé að mestu gætt eftir fjáreign innan hvers landssvæðis þar sem þeir helst eiga fjárvon á.

Að fenginni reynslu er aðeins dregið úr gangna álagningu á nokkrum svæðum. Þar sem eftirleita fyrirkomulagið hefur reynst þolanlega.

Nú þegar göngum hefur verið jafnað niður á einstaka bændur er enn mikilvægara en ella að menn standi við skyldur sínar að mæta til gangna. Er hér því minnt á 23. gr. „Fjallskilasamþykktar fyrir svæðið austan Vaðlaheiðar að mörkum Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps“. En þar segir .

Nú vanrækir fjáreigandi að framkvæma þau gangnaskil, sem honum hafa verið gerð eða leggur ógildan mann til fjallskila, þá er það gangnarof og varðar sektum. Hefur þá gangnaforingi eða fjallskilastjóri rétt til að fá mann til að gera gangnaskil í stað þess, er gangnarof gerði, á hans kostnað. Auk þess greiði hann sekt til fjallskilasjóðs, er hálfum göngunum nemur. Sé brot ítrekað tvöfaldast sektirnar hverju sinni. Þó mega þær aldrei verða hærri en fjórfalt matsverð fjallskila þeirra sem vanrækt voru. Ekki er skylt að kæra fyrir gangnarof, ef forföll eða aðrar fullgildar málsbætur eru fyrir hendi. Sektir fyrir gangnarof renna í fjallskilasjóð.

Landbúnaðarnefnd leggur til að sekt fyrir gangnarof verið ekki undir kr 40.000- fyrir hvern dag. En óskar þess þó helst að til slíks komi ekki.

Fjallskilastjóri mun útvega menn til að smala Seljaheiði, eiga þar forgang þeir sem hæðstu fjárhæðir þurfa að greiða í fjallskilasjóð.

Þistilfjarðardeild fjáreign		Langanesdeildir fjáreign	
	Kindur		Kindur
Fjallalækjarsel	388	Bakki 2	73
Garður	446	Sauðanes	579
Gunnarsstaðir 4	433	Tungusel	723
Gunnarsstaðir 5	730		
Hagaland	117	Syðri-Brekkur 2	257
Holt	384	Miðfjarðarnes	303
Hvammur 2	531	Halldór Halldórsson	135
Kollavík	177	Guðrún Soffía	32
Laxárdalur	428		
Svalbarð	469	Hallgilsstaðir 2	626
Sveinungsvík	660	Syðri-Brekkur 1	355
Syðra-Áland	448	Laxárdalur	150
		Gunnarsstaðir 3	186
Ytra-Áland	528	Brúarland	162
	5739		3581

Gangnaforingjar bera ábyrgð á framkvæmd gangna, þeir boða til gangna með hæfilegum fyrirvara, meta veðurskilyrði, boða breytingar. Gæta að skepnum og mönnum. Jafnframt eru þeir réttarstjórar ef aðrir eru ekki tilgreindir.

Dagsetningar gangna eru á jöfnunarblaði, ódagsettar göngur, tímasetur gangnaforingi. Réttir verða eftirtalda daga.

Garðsrétt 3. september Fjallalækjarselsrétt 3. september

Álandstungurétt 10. september Dalsrétt 9. september

Hvammsrétt 8. September Hófaskarðsrétt 4. september

Gunnarsstaðarétt 9. september- Réttarstjóri Axel Jóhannesson

Tunguselsrétt 11. september – Réttarstjóri Ævar Rafn Marinósson

Hallgilsstaðarétt 11. og 18. september - Réttarstjóri Jóhannes Ingi Árnason

Ósrétt 13. september. Miðfjarðarnesrétt 3. september

Miðfjarðarrétt 14. september

Aðrar réttir eru samdægurs og smalað er til þeirra.

Umsjón með aðkomufé og rekstrum milli rétta í Þistilfjarðardeild hafa Jóhannes á Gunnarsstöðum og Soffía í Garði. Rétt er að minna menn á að þeim er ekki ætlað að sjá um flutninga nema í tengslum við reglulega rétta og leitardaga. Auk þess eiga þeir sem aka frá sér fé, að jafnaði að gera ráð fyrir að sækja það einnig. Fé sem kemur fyrir í einstaka heimalanda smölunum eiga bændur að koma sjálfir af sér.

Þannig samið af Landbúnaðarnefnd 23. Ágúst 2023